

Til velferðarnefndar Alþingis

Varðandi tillögu til þingsályktunar um fræðslu um og meðferð við vefjagigt sem segir:

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir fræðslu til almennings um vefjagigt og láta fara fram endurskoðun á skipan sérhæfðrar endurhæfingarþjónustu með það að markmiði að styrkja greiningarferlið og bjóða upp á heildræna meðferð byggða á niðurstöðum gagnreyndra rannsókna.

Fjallað hefur verið um þingsályktunartillöguna innan Gigtardeildar Landspítalans. Mat deildarinnar er, að enda þótt ýmis jákvæð skref hafi verið stigin á síðustu 10-20 árum hvað varðar fræðslu til almennings og heilbrigðisstarfsmanna, og fjölþætt meðferðarúrræði bjóðist vefjagigtarsjúklingum, þá *skortir enn talsvert á að brugðist sé rétt og tímanlega* við kvörtunum sem benda til vefjagigtar. Á það bæði við um leika sem lærða.

Megin ástæður þess eru tvær: Annars vegar hefur verið skortur á gæðastöðluðum og alþjóðlega viðurkenndum matslistum til greiningar vefjagigtar og mats á stöðu sjúklinga; hins vegar skortur á heilðsstaðum, snemmkomnum meðferðarúrræðum sem byggja á gagnreyndum aðferðum. Í dag er greining vefjagigtar og notkun meðferðarúrræða oft handahófskennd og sjaldan sett fram heildrænt meðferðarplan sem tekur til þeirra þátta sem Evrópusamtök fagfólks í gigtarsjúkdómum (EULAR; European League Against Rheumatism) mælir með: Ítarlegri fræðslu til sjúklinga, leiðbeiningum og eftirfylgd með líkamsþjálfun, hugrænni þjálfun til að draga úr neikvæðum áhrifum verkja á daglegt líf og virkni fólks, og lyfjainngripum. Öll þessi meðferðarúrræði bjóðast vissulega innan íslensks heilbrigðiskerfis í dag en iðulega sem stakir meðferðarþættir frekar en samþætt og heildræn þjónusta. Samþætt, heildræn heilbrigðisþjónusta fyrir fólk með vefjagigt fer fram í dag á nokkrum endurhæfingarstofnunum. Þjónustan býðst fyrst og fremst þeim einstaklingum sem hafa slæman sjúkdóm en síður þeim sem hafa mildari sjúkdóm. Það er mikill ágalli því endurhæfingarárangur, mældur í líðan og starfsvirkni, er mun betri ef gripið er inn í vefjagigtarferlið á fyrri stigum þess.

Á göngudeild gigtar á LSH koma þessir sjúklingar nú aðallega til greiningar og athugunar á því hvort um bólgugigtarsjúkdóm er að ræða samhliða vefjagigtinni. Í vetur hafa tveir af sérfræðingum Gigtardeildar Landspítalans unnið að staðlaðri þýðingu og gæðaprófun matslista fyrir vefjagigt sem gæti orðið gott skref í rétta átt að ofangreindum markmiðum.

Landspítali fagnar framsettri þingsályktunartillögu og lýsir sig reiðubúinn til ráðgjafar varðandi frekari útfærslu.